

Sp.

878. Frumvarp

til laga um viðauka og breyting á lögum um aðflutningsbann á áfengi
nr. 44, 30. júlí 1909.

(Eftir eina umr. í Ed.).

1. gr.

Eftir 6. gr. komi ný grein, er verði 7. gr. og hljóði svo:

Enginn má taka við nokkurs konar áfengi úr skipi, er hefst við hjer við land, nje heldur taka við áfengi á floti, hvort heldur gegn endurgjaldi nje endurgjaldslaust.

2. gr.

Aftan við 2. gr. komi ný málsgrein svohljóðandi:

Sendiræðismönnum framandi ríkja er heimilt að flytja frá útlöndum einu sinni á ári hæflegan áfengisforða til heimilisþarfa sinna um eitt ár í senn.

Öðrum en þeim, er hjer hafa verið taldir, má ekki leyfa innflutning á fengis, flutning úr skipi í annað skip eða úr skipi í land.

3. gr.

16. gr. verði 17. gr. og orðist svo:

Brot gegn 7. og 8. gr. laga þessara varða 100—1000 kr. sektum, og skal áfengið ásamt ílátum verða eign landssjóðs.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi, þegar er konungur hefir staðfest þau.